

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 10.7.2024  
UST202401-241/G.S.Á.  
08.06.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 09.07.2024 - Olíudreifing ehf., Grímsey ID108**

Þann 9. júlí sl. fór fram reglubundið eftirlit í olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf., Grímsey. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### **Staða eldri mála:**

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2021 en ein ábending var sett fram er varðar vöktun vegna olíuóhapps.

### **Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:**

1. Ábending er sett fram um að kar fyrir olíublautan úrgang er ekki merkt sem spilliefnaílát en rekstraraðili hefur óskað eftir nýju kari hjá Íslenska gámafélaginu.
2. Ábending er sett um olíusmit á malarplani í kringum áfyllingarplanið og skal rekstraraðili gæta þess að olía berist ekki út af planinu.
3. Ábending er sett fram um að uppfæra þurfi áætlun um rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi.

### **Tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virki olíuskilja sbr. gr. 3.5. Þjónusta við olíuskilju hefur ekki verið skráð í rekstrarhandbók.
2. Viðauka I í rg. 884/2017. Merkja skal geyma og lagnir skv. viðauka I í rg. 884/2017.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. ágúst 2024.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson